

Aðalfundur Foreldrafélags Naustaskóla 19. September 2013

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar og skólaráðs
3. Lagabreytingar
3. Ársreikningar
4. Kosning í stjórnir og ráð
5. Almennar umræður
7. Fyrirlestur

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Áshildur Hlín Valtýsdóttir setti fundinn og var kosin fundarstjóri og Erla Rán Kjartansdóttir tók að sér að vera ritari. Engar athugasemdir gerðar. Á fundinn voru mættir um 60 foreldrar.

2. Skýrsla stjórnar og skólaráðs

Stjórn foreldrafélagsins kynnti sig og Áshildur og Erla Rán sögðu frá starfi félagsins síðastliðinn vetur. Foreldrafélagið hefur afrekað margt og náð fram mörgum málum í skipulagi skólastarfsins. Áshildur ásamt Vöku eru fulltrúar foreldra í skólaráði og sagði Áshildur frá starfi skólaráðs.

3. Ársreikningar

Áshildur, gjaldkeri, fór í gegnum ársreikninga foreldrafélagsins og greindi frá í hvað peningum hefur verið varið og hvernig staðan er í dag. Ákveðið var að árgjaldið yrði það sama og í fyrra, 2000kr. á heimili. Reikningar verða fljótlega sendir í heimabanka foreldra. Ársreikningar voru samþykktir samhljóða og tveir skoðunarmenn reikninga kjörnir:

Hjálmar Hauksson

Anna Sjöfn Jónasdóttir

4. Kosning stjórnar og skólaráðs

Flestir stjórnarmenn buðu sig fram til áframhaldandi starfa í foreldrafélaginu, Ásdís Arnardóttir, Berglind Elly Jónsdóttir og Höskuldur Jóhannesson gengu úr stjórn. Tveir nýjir stjórnarmeðlimir bættust í hópinn.

Ekki þurfti að kjósa í skólaráð þar sem kosið er í ráðið til tveggja ára og kosið var í fyrra.

Stjórn foreldrafélags Naustaskóla 2013 – 2014

Vaka Óttarsdóttir

Erla Rán Kjartansdóttir

Sigríður Ingólfssdóttir

Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir

Fanney Pétursdóttir
Þórhildur Örvarsdóttir
Sólveig Styrmsdóttir
Marta Lilja Marteinsdóttir Olsen
Margrét Jónína Sævarsdóttir

Fulltrúar í skólaráð 2013-2014

Vaka Óttarsdóttir
Áshildur Hlín Valtýsdóttir

6. Önnur mál

Engar umræður sköpuðust undir önnur mál.

7. Ég gefst aldrei upp!

Í fyrirlestrinum Gefstu aldrei upp! sagði Dalvíkingurinn Kristján Guðmundsson sögu sína þar sem hann var nær dauða en lífi eftir að hafa lent í alvarlegu vinnuslysi við löndun. Kristján greindi ítarlega frá fyrsta degi slyssins, allt til dagsins í dag og hversu langt hann er kominn á jákvæðninni einni og markvissi markmiðssetningu.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundarritari Erla Rán Kjartansdóttir